

**Sp.**

**246. Tillaga til þingsályktunar**

um niðurfelling dansk-íslenzka sambandslagasamningsins frá 1918.

Frá forsætisráðherra.

Alþingi ályktar að lýsa yfir því, að niður sé fallinn dansk-íslenzki sambandslagasamningurinn frá 1918.

A t h u g a s e m d .

Ályktun Alþingis frá 25. febrúar síðastl. um niðurfelling dansk-íslenzka sambandslagasamningsins frá 1918 hefur verið borin undir atkvæði eins og í ályktuninni segir, með þeim úrslitum, að yfir 97% allra kosningabærra manna í landinu hafa tekið þátt í atkvæðagreiðslu og af þeim hafa yfir 97% galdið jákvæði við ályktuninni. Er fyrri málsgrein ályktunarinnar því borin fram á Alþingi af nýju samkvæmt síðari málsg. sinni.

**Fylgiskjal.**

**Þingsályktun um niðurfelling dansk-íslenzka sambandslagasamningsins frá 1918.**

Alþingi ályktar að lýsa yfir því, að niður sé fallinn dansk-íslenzki sambandslagasamningurinn frá 1918.

Ályktun þessa skal leggja undir atkvæði allra alþingiskjösenda til samþykktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg. Nái ályktunin samþykki, tekur hún gildi, er Alþingi hefur samþykkt hana að nýju að aflokinni þessari atkvæðagreiðslu.

*Samþykkt í sameinuðu Alþingi 25. febrúar 1944.*